

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hraunteigur 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 29. mars 2017, breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 3 við Hraunteig. Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitur er stækkaður til vesturs, heimilt verði að rífa núverandi hús og byggja nýtt, sambyggja íbúðarhús og bílageymslu með tengibyggingu, gera svalir/þakverönd á henni og gera svalir til suðurs að götu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Skrauthólar 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 5. apríl 2017, breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Skrauthóla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. að svæði vestan og norðan við núverandi húsakost nr. 4 við Skrauthóla verði ráðstafað fyrir ferðaþjónustu, þar sem unnt er að leigja tjaldstæði, hjólhýsastæði og lítil færangleg smáhýsi með tilheyrandi þjónustubyggingu fyrir salernis- og snyrtiaðstöðu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 6. apríl 2017.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2017